

## REGLUGERÐ

91  
4. maí

### um notkun loftskeytastöðva og talstöðva.

Samkvæmt lögum nr. 30 27. júní 1941 og með tilliti til þess ástands, er nú ríkir, er hér með sett eftirfarandi reglugerð.

#### 1. gr.

Engir aðrir en þeir, sem leyfisbréf hafa til þess frá póst- og símamálastjórninni, mega stofna, hafa eða reka radio-senditæki á Íslandi eða í íslenskri landhelgi eða á íslenskum skipum eða öðrum farartækjum, eða hafa í vörzlum sínum radio-senditæki eða hluti, sem eru sérstaklega ætlaðir í slík tæki.

Enn fremur er bannað að breyta slíkum tækjum eða flytja þau úr þeim stað, sem leyfisbréfið er miðað við, t. d. flytja þau í land til viðgerðar eða geymslu, nema skrifleg heimild eða ósk frá landssímanum komi til í hvert skipti.

Til radio-senditækja teljast öll tæki, sem ætluð eru til að framleiða rafsveiflur með hárrí tíðni (yfir 20000 ríð á sekúndu).

Einnig er bannað að aðstoða menn við að setja saman radio-senditæki án heimildar eða afla hluta til þeirra eða hvetja menn beint eða óbeint til þess.

#### 2. gr.

Íslensk skip mega fyrst um sinn því aðeins hafa loftskeytastöðvar, að þær séu innsiglaðar af póst- og símamálastjórninni, og má ekki rjúfa þá innsíglun og nota stöðina nema í neyð, eða eftir boði póst- og símamálastjórnarinnar í hvert einstakt skipti.

#### 3. gr.

Í siglingum milli Íslands og annarra landa mega íslensk skip fyrst um sinn ekki heldur hafa talstöð, nema hún sé innsigluð af póst- og símamálastjórninni, þannig að ekki sé unnt að nota senditækin án þess að rjúfa innsiglið (lokunarinnsíglun), en það má ekki gera nema í neyð, enda skal þá ástæðan fyrir því tafarlaust færð inn í dagbók skipsins og tilkynning send póst- og símamálastjórninni svo fljótt sem unnt er. Póst- og símamálastjórnin getur veitt undanþágu frá lokunarinnsíglun eða heimild til að rjúfa lokunarinnsigli undir sérstökum kringumstæðum, ef brýn nauðsyn þykir til.

#### 4. gr.

Við stendur Íslands mega íslensk skip hins vegar nota talstöðvar sínar, ef þær eru ekki undir lokunarinnsíglun og þó innsiglaðar af póst- og símamálastjórninni, þannig að ekki sé unnt að senda með þeim nema á tveim tilteknum öldulengdum (öldulengdar-innsíglun) án þess að rjúfa innsiglið, en öldulengdarinnsigli má aldrei rjúfa. Talstöðina má þó aðeins nota með þeim takmörkunum, sem segir í þessari reglugerð og samkvæmt þeim reglum og fyrirmælum, sem póst- og símamálastjórnin setur þar um, sbr. 10. gr.

#### 5. gr.

Innsíglun og lausn úr innsíglun mega aðeins trúnaðarmenn póst- og símamálastjórnarinnar framkvæma.

Með innsíglun skal fylgja á viðfestu sérstöku eyðublaði, sem póst- og símamálastjórnin lætur gera, yfirlýsing þess, er innsiglaði, um hvernig innsiglið sé merkt, hvaða dag hafi verið innsiglað og hvernig sendirinn hafi verið innsiglaður. Sérhver innsíglun og lausn úr innsíglun, sem framkvæmd er, skal færð inn í dagbók skipsins og undirrituð af þeim, er innsiglaði.

91

4. maí

Öll skip yfir 12 tonn eru samkvæmt siglingalögum skyld að hafa dagbók og skal skráð í hana allt skráningarskyld varðandi talstöð skipsins, svo sem innsiglanir, lausn úr innsigluglun, innsiglisrof, laskanir á innsigluglun, hver á skipinu hafi talstöðvarvarðarskirteini á hverjum tíma og rétt til að tala með stöðinni, o. s. frv. Enn fremur skal skrá í dagbókina í hvert skipti, sem stöðin er notuð, hvaða dag og hvaða stund, hver talar og við hvaða stöð er talað. Smærri skip, sem hafa talstöðvar, skulu einnig hafa bók og skal skrá í hana framangreind atriði og annað það markvert, er varðar talstöðina.

7. gr.

Enginn má starfrækja loftskeytastöð eða talstöð í skipi án þess að hafa til þess loftskeytamanna-skirteini eða talstöðvarvarðar-skirteini útgefið af póst- og símamálastjórninni. Auk þess verður skipseigandi að hafa leyfisbréf fyrir stöðinni útgefið af póst- og símamálastjórninni. Ber skipseigandi og skipstjóri ábyrgð á því, að þessi skirteini séu í lagi, enda séu þau geymd í skipinu með dagbók skipsins, sbr. 6. gr.

8. gr.

Nú verða eigandaskipti að skipi, sem talstöð eða loftskeytastöð er í, og ber þá hinum nýja eiganda tafarlaust að tilkynna póst- og símamálastjórninni, hvort hann óskar að hafa stöð í skipinu, og ef svo er, þá að afla sér hjá póst- og símamálastjórninni nýs leyfisbréfs fyrir stöðinni og skirteinis þeim til handa, sem stunda á stöðina. Óski hinn nýi eigandi ekki að halda áfram leigu á stöðinni í skipinu eða bátnum, ber honum einnig að tilkynna það póst- og símamálastjórninni með símskeyti, svo hún eða umboðsmaður hennar geti strax látið taka stöðina úr skipinu.

Hvorki má innrita né þinglýsa eigendaskiptum að skipi eða bát nema vottorð símaafgreiðslumanns um að slíku skeyti, sem í fyrri málsgrein segir, hafi verið veitt móttaka til sendingar á símastöðinni.

9. gr.

Hlustverðir, sem eftirlit hafa með því, hvort fyrirmæli um notkun talstöðva eru haldin, eru opinberir sýslunarmenn, enda séu þeir í þjónustu póst- og símamálastjórnarinnar eða viðurkenndir af henni og eiðsvarnir.

10. gr.

Póst- og símamálastjórnin setur nánari reglur um notkun radió-senditækja, eftirlit með þeim og annað, er þar að lýtur.

11. gr.

Brot gegn reglugerð þessari, svo og reglum, sem póst- og símamálastjórnin setur samkv. 10. gr., varða sektum allt að 10000 krónum, nema þyngri refsing liggja við samkvæmt lögum. Nú leikur rökstuddur grunur á um það, að brot hafi verið framið í skipi, og er þá heimilt að loka stöðinni tafarlaust, þar til málinu er lokið, afturkalla leyfisbréf og starfsskirteini, og sé brot alvarlegt eða ítrekað, að synja skipinu um leyfi til siglinga til útlanda.

12. gr.

Póst- og símamálastjórn ákveður sektir og aðrar aðgerðir samkvæmt 11. gr., nema hún æski þess, að dómur gangi um málið án úrskurðar af hennar hálfu.

Ef maður vill ekki una sekt, er póst- og símamálastjórnin hefur úrskurðað honum að greiða, getur hann krafizt innan hálf mánaðar frá því að honum var birtur úrskurðurinn, að málið gangi til dómstólanna, og skal þá farið með það að hætti opinberra mála.

## 13. gr.

91

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð frá 28. des. 4. maí 1940, um notkun loftskýtastöðva og talstöðva í íslenskum skipum.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðherrann, 4. maí 1943.*

**Vilhjálmur Þór.**

*Guðmundur Hlíðdal.*

**REGLUGERÐ**

92

5. maí

**um fasteignaskatt í Akureyrarkaupstað, samkv. lögum nr. 69 31. desember 1937.**

## 1. gr.

Fasteignaskatt skal greiða í bæjarsjóð af:

- a. öllum húsum og mannvirkjum, svo sem bryggjum, olúgeymum, geymsluportum o. þ. h.;
- b. öllum byggingarlóðum, samkvæmt skipulagsupprætti, byggðum og óbyggðum, með tilheyrandi girðingum, svo og geymsluplássum og upplagsplássum. Skipulagðar byggingarlóðir á erfðafestulöndum bæjarins verða þó ekki gjaldskyldar, fyrr en þær eru leigðar til bygginga.

Undanþegnar þessum skatti eru fasteignir bæjar og ríkis og aðrar fasteignir, ætlaðar til opinberra- eða almenningsþarfa, samkvæmt 4. gr. laga nr. 69 31. desember 1937.

## 2. gr.

Fasteignaskatturinn reiknast þannig:

- a. Af fasteignum þeim, sem í 1. gr., a-lið, getur, 0.5%.
- b. Af fasteignum þeim, sem í 11. gr., b-lið, getur, 1.5%.

Meðan núverandi vísitölufyrirkomulag helzt, í sambandi við dýrtíðina, hækkar skattur þessi, sem svarar meðal-vísitölu næsta árs á undan skattárinu, innan þeirra takmarka, sem lög nr. 69 31. desember 1937 heimila.

## 3. gr.

Skattinn skal telja af heilum hundruðum króna fasteignamatsverðs, en brotum af hundruðum sleppt.

## 4. gr.

Skattur þessi fellur í gjalddaga 1. júlí ár hvert. Sé skatturinn eigi greiddur innan tveggja mánaða frá gjalddaga, falla á hann sömu dráttarvextir og greiddir eru af útsvörum.

## 5. gr.

Skattinum fylgir lögveð í fasteign þeirri, sem hann er lagður á, og skal, ásamt dráttarvöxtum í 2 ár frá gjalddaga, ganga fyrir öllum öðrum veðkröfum, er á eigninni hvíla. Ef hús brennur eftir að skatturinn er fallinn í gjalddaga, er sami forgangsréttur fyrir honum í brunabótafjárhæð hússins. Skattinn, ásamt dráttarvöxtum, má taka lögtaki.

## 6. gr.

Með reglugerð þessari er niður fallið lóðargjald, sótaragjald og öskuskattur samkvæmt eldri lögum og reglugerðum.